Andlát

Bárður Sigurðsson, Birtingakvísl 64, Reykjavík, lést í Landakotsspítala miðvikudaginn 18. október.

Jarðarfarir

Jarðarför **Andreu Kristjánsdóttur,** Risabjörgum, Hellissandi, fer fram frá Ingjaldshólskirkju laugardaginn 21. október kl. 11.

Bjarne J. E. Eliassen, járnsmiður, Ásgarði 135, er andaðist í Landspítalanum 13. október sl. verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. október nk. kl. 15.

Útför **Magnúsar Magnússonar** sérkennslufulltrúa, Vesturbergi 74, verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. október kl. 15.



Haraldur Hannesson hagfræðingur lést 9. október. Hann fæddist í Reykjavík 24. ágúst 1912, sonur hjónanna Hannesar Magnússonar og Helgu Snæbjarnardóttur. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1933, stundaði háskólanám í Þýskalandi og Bretlandi og lauk prófi í hagfræði frá Kölnarháskóla 1939. Haraldur starfaði lengst af sem skjalavörður hjá Landsbankanum og Seðlabankanum. Eftirlifandi eiginkona hans er Ragnheiður Hannesdóttir. Þau hjónin eignuðust einn son. Útför Haralds verður gerð frá Kristskirkju, Landakoti í dag kl. 13.30.



Guðmundur Ingvi Helgason lést 10. október. Hann fæddist í Reykjavík 10. nóvember 1919. Foreldrar hans voru Helgi Guðmundsson og Ólafía Sigríður Hjartardóttir. Guðmundur starfaði lengst af hjá tollstjóraskrifstofunni. Hann eignaðist einn son. Eftirlifandi sambýliskona hans er Ólöf Anna Sigurðardóttir. Útför Guðmundar verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 13.30.



Jóhann Karl Birgisson lést 13. október sl. Hann fæddist 2. nóvember 1972 í Neskaupstað, sonur hjónanna Birgis Sigurjónssonar og Sigrúnar S. Jóhannsdóttur. Útför hans verður gerð frá Norðfjarðarkirkju í dag kl. 14.



Margrét Friðriksdóttir lést 9. október. Hún fæddist 11. júní 1910 á Efri-Hólum í Núpasveit, N-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hennar voru hjónin Friðrik Sæmundsson og Guðrún Halldórsdóttir. Eftirlifandi eiginmaður Margrétar er Þórhallur Björnsson. Þau hjónin eignuðust níu börn. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju í dag kl. 15.

Tilkynningar

Húnvetningafélagið

Félagsvist á laugardag kl. 14 í Húnabúð, Skeifunni 17. Munið vetrarfagnað félagsins um kvöldið í félagsheimili Seltjarnarness kl. 21.30.

Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík

hefur starfað í 50 ár um þessar mundir og verður þess minnst með ýmsum hætti á komandi vetri. Vestrafagnaður verður 1. vetrardag, 21. okt. að Hótel Lind, Rauðarárstíg. Félagsvist hefst stundvíslega kl. 20.30. Tríó 88 leikur fyrir dansi. Fimmtíu ára afmælishóf félagsins verður í byrjun desember. Félagið hefur fest kaup á húsnæði í Dugguvogi 15 og er ætlunin að félagsmenn geti átt þar samastað fyrir starfsemi sína. Árshátíð félagsins verður haldin 10. febrúar 1990. Stjórn félagsins skipa: Bogi Jóh. Bjarnason formaður, Kristján Jóhannsson varaformaður, Karl Torfason gjaldkeri, Hjördís Þorsteinsdóttir ritari og Ottó Ragnarsson meðstjórnandi.



Hjónaband

Hinn 16. september sl. voru gefin saman í hjónaband í Bústaðakirkju af séra Sigurði Jónssyni **Brynjólfur Einarsson og Þórhildur Kjærnested.** Heimili þeirra er að Kríuhólum 2, Reykjavík.

Sýning á umbrotskerfi

Tölvuríkið/Alefli og Tölvudeild Magna *standa fyrir sýningu á umbrotskerfinu* Calamus að Odda, húsi Háskóla Íslands, helgina 21. og 22. október. Þarna er um að ræða sýningu á smærri kerfum fyrir einstaklinga og félagasamtök, upp í stærri kerfi fyrir prentsmiðjur og auglýsingastofur. Frá kl. 11–12.30 verður haldinn fyrirlestur um Calamus kerfið og áhrif þess á tölvusetningu. Þessi fyrirlestur er ætlaður fólki sem starfar við setningu og auglýsingagerð. Fjallað verður um þróun umbrotsforrita, Calamus í heimi setjara og auglýsingateiknara, mikilvægi fjölhæfni í leturvinnslu o.fl. Að fyrirlestri loknum hefst hin eiginlega sýning og stendur hún til kl. 18. Sýningin er opin almenningi og eru veitingar veittar meðan á sýningu stendur.

Félag eldri borgara

Opið hús í Goðheimum, Sigtúni 3, í dag, fimmtudag, kl. 14 frjáls spilamennska, kl. 19.30 félagsvist, heilt kort, kl. 21 dansað. Danskennslan hefst á laugardag 21. október í nýja Danskólanum, Ármúla. Upplýsingar á skrifstofu félagsins. Göngu-Hrólfur hittist nk. laugardag kl. 11 að Nóatúni 17.

Ljóðaveisla í Listamannahúsinu

Í kvöld, fimmtudagskvöld, kl. 21 verður enn á ný ljóðaveisla í Listamannahúsinu, Hafnarstræti 4. Þar verða kynntar nýútkomnar bækur og væntanlegar. Þeir sem koma fram í kvöld eru: Kristján Hreinsmögur sem les úr nýútkominni bók sinni Vogrek, Ferdinand Jónsson, Margrét Lóa les úr væntanlegri ljóðabók sinni, Jón Stefánsson les úr nýútkominni bók sinni, Úr þotuhreyflum guða, Nína Björk Árnadóttir les úr nýútkominni ljóðabók Stefáns Harðar Grímssonar, Yfir heiðan morgun, Þórður Helgason les úr væntanlegri ljóðabók sinni, Þar var ég, Anna Hers Björnsdóttir les úr verkum sínum, Kristján Hrafnsson les úr verkum sínum, Einar Örn Einarsson les úr væntanlegri skáldsögu sinni, Steinunn Ásmundsdóttir les úr nýútkominni bók sinni, Einleikur á regnboga, og Birgitta Jónsdóttir les úr nýútkominni ljóðabók sinni, Frostdinglar. Ljóðaveislan hefst kl. 21 og fólki bent á að mæta tímanlega. Kynnir í veislunni verður Sæmundur Norðfjörð.

Fundir ITC-deilda

Þriðja ráði ITC á íslandi tilheyra 7 deildir og eru fundir í öllum deildum öllum opnir. Fundartímar eru: Annan og fjórða mánudag hvers mánaðar, ITC Þöll, Grundarfirði, kl. 20.30 í safnaðarheimili Grundafjarðarkirkju. Fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar, ITC Seljur, Selfossi, kl. 20 í Ársölum á Selfossi. Fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar, ITC Ösp, Akranesi, kl. 20.30 í Framsóknarhúsi, Sunnubraut 21, Akranesi. Fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar, ITC Fífa, Kópavogi, kl. 20.15 að Hamraborg 5, 3. hæð, Kópavogi. Annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar, ITC Embla, Stykkishólmi, kl. 20.15 að hótel Stykkishólmi. Annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar, ITC Stjarna, Rangárþingi, kl. 20.30 til skiptis á Hellu (verkalýðshúsi) og Hvolsvelli (hóteli). Annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar, ITC Melkorka, Reykjavík, kl. 20 í Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi, Breiðholti, Reykjavík. Blaðafulltrúi Þriðja ráðs ITC er Kristín, sími 91-43976.

Menning

DV

Athafnir og aðrar hafnir

– um sýningu Stefáns Axels Valdimarssonar

Í uppbyggingarofforsi eftirstríðsáranna beindist athygli nokkurra málara að hinni skapandi athöfn sem slíkri. Til varð hið karlmannlega athafnamálverk (actionpainting). Hinir meðvituðu athafnamenn kappkostuðu að gleyma sjálfum sér í þeirri líkamsrækt sem listmálun vissulega getur verið. Afraksturinn varð þegar best lét súrrealiskt tilviljanalandslag eða gróskumikil áferð sem angaði af svita. Væntanlega var tilgangurinn meðal annars sá að ná mélverkinu út úr stássstofuandrúmslofti sýningarsalanna þar sem það var alla jafna lokað inni í vítahring kokkteila og marengstertubotna. Þessi hugsun, að taka málverkið og labba með það út á götu, hefur þróast margvíslega á þessum 45 árum. Athöfnin blómstraði á sjöunda og áttunda áratugnum í gerningum og uppákomum en með endurmati málverksins í upphafi þessa áratugar er komið visst hliðarspor frá því athafnamálverki sem m.a. Jackson Pollock lagði stund á. Ekki er þó hægt að segja að um framlenginu þess sé að ræða. Bæði er að athafnamenn nútímans eru flestir Evrópumenn en ekki Ameríkanar og eins að athafnir nútímans eru litaðar af konsepthamförum þeirra áratuga sem liðnir eru frá amerísku athöfnunum. Sumir athafnamannanna láta sér nægja að taka listrænt atferli sitt upp á myndband en aðrir halda sig við gamla góða strigann og láta hann fá það óþvegið.

Háð og kapp

Einn þessara gamaldags athafnamanna er Stefán Axel Valdimarsson sem nú sýnir verk sín í austursal Kjarvalsstaða. Stefán Axel er Hollandssigldur en myndtjáning af hans toga hefur þó á síðustu árum sést meira í þýsku borgunum; Berlín í það minnsta. Myndheimur Stefáns er í senn örvæntingarfullur og háðslegur – þegar vel tekst upp. En hann ber líka með sér ofurkapp, stundum án forsjár, og að því er virðist án sérstaks markmiðs. Þetta eru stórborgarmyndir, útsýni úr flughöfn, skipahöfn og að öllum líkindum úr þungri og dökkri yfirhöfn í mannlausu skuggahverfi. Mynd númer 7 (nafnlaus) er þarna undantekning því hún lítur helst út fyrir að vera óður til sköpunarinnar – eða er þetta eiturgul sprenging? Víst er að við skoðun verka Stefáns Axels fer örugglega glímuskjálfti um margan sprengjusérfræðinginn. Hin níu metra breiða „Ótó II“ minnir undirritaðan altént meira á orrustuþotu en farþegaflugvél. Reyndar sá ég ekkert vélarkyns þarna við fyrstu sýn – og eigi að heldur í „Ótó I“ sem ku vera mynd af skipi. Sú mynd þykir mér hvað heilsteyptust á sýningunni bæði hvað formhugsun og áferð snertir. Stórborgarbragur Stefáns Axels samræmist e.t.v. ekki svo illa íslenskum vertíðaranda. Hafið býr yfir seiðandi afli sem seint verður fulltjáð í málverki. Stefáni er greinilega í mun að ná þessu óútskýranlega dularafli á léreft og er þar á góðri leið í „Ótó“-myndunum. „It slipped through my mind“ er síðan ágætt dæmi um það háð sem er e.t.v. höfuðvopn Stefáns. Þar hefur listamaðurinn væntanlega hárreytt sjálfan sig á miðju hugarflugi. Í myndinni „Decaying Painting“ (nr. 1) virðist hugsunin að baki hins vegar harla loðin og myndhugsunin verri en engin. Sama má segja um risatjaldið númer 8; þar er kapp að sönnu betra með forsjá. En Stefán Axel á örugglega eftir að kíkja betur á ratsjána og lenda í vænni hrotum en þessari.

Sýningunni í austursal Kjarvalsstaða lýkur 22. október.

-ÓE

Myndlist

Ólafur Engilbertsson


Fjölmiðlar

Vel áætlaður skjálfti

Fjölmiðlar fyrir 90 árum voru öðruvísi en í dag. Dagblöð voru ekki til í bænum og nútíma tækniundur þaðan af síður. Þó var fólk alveg jafnfréttaþyrst og það er í dag og hefði vel þegið að fá myndir frá jarðskjálftanum í San Fransisco hálfum sólarhring eftir að hann gerðist, en heimurinn var stærri árið 1906 og jarðskjálftinn reyndar líka.

Til að fá nýjustu fréttir safnaðist fólk saman hvar sem hægt var, fyllti samkomuhús þegar tími gafst til og skiptist á fréttum og skoðunum. Rakarastofurnar voru mikilvægur fjölmiðill og einnig kirkjur og leikhús. Svo alvarlega tóku menn þetta að þegar Dani nokkur opnaði rakarastofu í bænum um aldamótin gengust nokkrir frammámenn í því að íslenskur rakari, Árni Nikulásson, opnaði stofu. Það gerði hann árið 1901 og hún stendur enn á sama stað í dag. Í dag má sjá þar B.T. og Alt for damerne og enginn amast við því.

Aðalhlutverk hárskurðarstofa er ekki útbreiðsla á fréttum og þess vegna lifa þær enn í dag. Ég efa aftur á móti að margar af nýju útvarpsstöðvunum lifi eftir 90 ár. Flestar hafa þær þó sér sinn farveg. Bylgjan og Stjarnan segjast skipta með sér tónlistarsmekk landsmanna og best að hafa sem fæst orð um það. Stjarnan kýs að keyra allan sólarhringinn með trukki, kl. 8 að morgni getur maður heyrt villta dansmúsík og mestallan daginn er spiluð sama músík sem fæstir Íslendingar kunna að dansa eftir. Stundum heyrir maður inni á milli forvitnileg lög.



Aðalstöðin sem ætlar í loftið í dag segist róa á sömu mið og Bylgjan. Barátta þessara stöðva minnir á þvottaefnisauglýsingar, mismunandi umbúðir, en sama innihald. Þeir vita að ódýrasta auglýsingin er að rífast nóg í öðrum fjölmiðlum.

Útvarp Rót, sem þagnaði í verkfallinu vegna flutnings, rær á önnur mið en hinar smástöðvarnar. Ég bíð spenntur eftir að heyra í henni aftur, t.d. voru draugasögurnar skemmtilegar fyrir svefninn.

Við erum stór þjóð, Íslendingar. Jarðskjálfti skekur fjarlæga stórborg og eftir örlítinn tíma er ekki annað að sjá en að borgin hafi verið full af Íslendingum. Sá hluti þjóðarinnar sem ekki var vestur við Kyrrahaf veit síðan allt um skjálftann, meira að segja er hérna búsettur bandarískur sérfræðingur í þessum skjálfta.

Það er munur að eiga svona landa sem vita allt um fjarlæga landskjálfta. Við ættum að senda þá út til San Fransisco svo þeir viti betur þegar Suðurlandsskjálftinn kemur. Ég sjálfur fylltist samúð með íbúum Santa Cruz og San Jose, en þegar Will Perry sannfærði mig um það að jarðskjálftinn hefði farið eins og áætlað var, varð mér strax rórra.

Það er best að áætla skaðann á Suðurlandsskjálftanum strax svo ekkert bregði út af þegar stóra stundin kemur.

Gísli Friðrik Gíslason